

-Sinnaskipti ritstjórans-

Í grein eftir Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins, sem hann birti undir nafni í Morgunblaðinu 25. september 2005, sagði: „Fyrir nokkrum árum fékk ég munnlegar upplýsingar, sem bentu til að um skipulagt verðsamráð væri að ræða á milli olúfélaganna. Ég benti viðmælendum mínum á að við gætum ekki borið fram slíkar ásakanir á grundvelli nafnlausra heimilda. Við yrðum að fá að sjá gögn. Mér voru sýnd (en fékk ekki að snerta!) tölvupóstssamskipti á milli starfsmanna olúfélaganna. Þegar ég spurði hvort við gætum fengið gögnin í hendur var svarið neitandi. Nokkrum mánuðum síðar sá ég af málalíbúnaði Samkeppnisstofnunar í hvaða farveg málið hafði farið.”

Nú brá svo við að sl. laugardag birtist í Morgunblaðinu nafnlaust bréf. Bréfið átti að varpa ljósi á meint samráð á matvörumarkaðnum hér á landi. Fyrirsögn fréttarinnar var: „Allsherjarsamráð” Í tilefni þessarar birtingar sagði Morgunblaðið: „Meginregla Morgunblaðsins hefur verið að birta ekki nafnlaus bréf nema eftir að hafa fengið vitneskju um hver bréfitari er. Í þessu tilfelli þykir hins vegar ástæða til að gera undantekningu – í ljósi almannahagsmuna enda fer vart milli mála að bréfitari hefur víðtæka reynslu og þekkingu á hvernig hagar til að á matvörumarkaðinum. Bréfið sem barst í tölvupósti frá einhverjum sem kys að kalla sig Jón Jónsson:“

Af þessu er augljóst að ritstjóri Morgunblaðsins hefur tvöfalt síðferði. Samráð olúfélaganna varðaði greinilega ekki almannahagsmunum að hans mati. Athyglisvert er að þegar um matvörumarkaðinn er að ræða virðist duga til birtingar á alvarlegum ásökunum að senda nafnlausan tölvupóst til Styrmis Gunnarssonar. Hví skyldi það vera? Skyldi þetta vera enn ein ofsóknin af hálfu ritstjórans í garð fyrirtækja fjölskyldu minnar. Hver svo sem skýringin er verður ekki fram hjá því horft að fréttamat Morgunblaðsins ræðst greinilega af persónulegri óvild ritstjórans. Skyldi það vera skýring á hnignun Morgunblaðsins í samfélaginu.

Merkileg sinnaskipti þar.

Jóhannes Jónsson

Höfundur er stofnandi Bónus